



Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn mánudaginn 22. maí 2023, kl. 16.00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Þórey Fjóla Aradóttir og Kristján Heiðmar Kristjánsson. Guðni Már Lýðsson var fjarverandi.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðar skólastjóri, Elva Þórisdóttir, fulltrúi kennara og Helena Mara Velemir fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna. Gunnar Þór Gunnarsson var fjarverandi.

Aðrir: Berglind Hlín Baldursdóttir, fræðslustjóri og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Péturína formaður stýrði fundinum og Hrefna ritaði.

1. Fjármál

a. Alexandra fór yfir ársreikninginn fyrir ári 2022. Við erum töluvert yfir áætlun, bæði hjá Höfðaskóla og hjá Barnaból, en við erum undir áætlun í frístund og mótneyti. Alexandra fór yfir stöðuna og útskýrði einstaka liði.

2. Grunnskólinn

a) Skýrsla skólastjóra

Sara Diljá skólastjóri fór yfir skólaárið. Það hefur í heild sinni gengið mjög vel. Hún fór yfir mannabreytingar, húsvörður hætti og það er verið að finna einhvern í hans stað. Skólinn réði til sín ritara í 50% starf, einn kennari lætur af störfum og annar fer í árs leyfi, það er verið að ráði í þær stöður.

Starfsfólk skólans hefur áhyggjur af því hvað það gengur erfiðlega að fá foreldra á viðburði hjá skólanum eftir að Covid lauk. Það er almennt mjög léleg mæting og þá yfirleitt sömu forráðamenn sem mæta. Það var rætt um hvort að það væri hægt að finna leiðir til að fá foreldra á viðburði eða hvort það ætti að minnka það að hafa viðburði. Mæting hjá foreldrum í menntabúðir hjá börnum hefur hins vegar verið góð.

Skýrsla var til kynningar.



b) Fundargerð skólaráðs 28.04.23

Skóladagatalið var borið upp til samþykktar. Umræður voru um skíðakennslu og danskennslu, spurning um að reyna að hafa að til skiptis á hverju skólaári.

Skipt verður um kurl á sparkvelli í sumar, sett ljóst kurl sem litar ekki frá sér eins og það svarta.

Sara fór yfir nemendakönnun sem kom mjög vel út eins og síðast. Nemendum virðist líða vel í skólanum og einelti virðist vera í algjöru lágmarki. Nemendur töldu upp margt sem þau voru ánægð með í skólanum og voru þau sérstaklega ánægð með að fá hafragrautinn á morgnana.

Starfsmannakönnunin kom líka mjög vel út. Starfsfólkinu fannst vera góður andi og ánægð með hvað stjórnendurnir eru lausnamiðaðir.

Fundargerð var til kynningar.

c) Skólapúlsinn

Það var mjög léleg þátttaka í könnuninni skólapúsnum og þ.a.l. ekki hægt að birta niðurstöður.

d) Skóladagatal 2023-2024

Það eru einstaka breytingar á skóladagatalinu á næsta ári. Sund verður ekki kennt í nóvember, desember, janúar og febrúar. Skoðunarkönnun var send út til foreldra um skólahald og var henni vel svarað. Eftir könnunina var ákveðið að hafa árshátíð annað hvert ár og stigsskemmtanir hitt árið að ósk foreldra. Kennsludagar verða 175. Skóladagatal var samþykkt samhljóða.

3. Leikskóli.

a) Skýrsla leikskólastjóra.

Lilja leikskólastjóri fór yfir málefni leikskólans. Til stendur að klára frágang á leikskólalóð og skipta um sand í sandkassanum. Hún fór yfir fasta liði hjá leikskólanum, sýningar, fundir og piparkökubaksturinn á sýnum stað ásamt mörgu öðru. Vetrarstarfið endaði á karnival göngu og grilli. Það eru um 40 nemendur í skólanum og hann er fullsetinn. 11 nemendur eru að útskrifast í vor og það er von á um 8 nemendum inn í haust. Búið er að ráða í sumarafleysingar.



b) Innra mat.

Innra matið og könnunin komu mjög vel út. Þátttaka var 67%.

c) Fundargerð leikskólaráðs 10.05.23

Á fundinum var farið yfir skóladagatalið fyrir árið 2023 – 2024. Hún var samþykkt með fyrirvara um breytingar. Farið var yfir símenntunnaráætlunina hjá leikskólanum, foreldrakönnunina og rætt var um erfiðleika með að kaupa ný Hjallastefnu fót.

Fundargerð var til kynningar.

d) Skóladagatal 2023-2024

Skóladagatalið var samþykkt samhljóða.

4. Bréf

a) Hagsmunasamtök 22 samkynhneigðra

Péturína lagði bréfið fram til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Menntastefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Berglind Hlín, fræðslustjóri fór yfir menntastefnu sveitarfélagsins. Hún lagði til að skólastefnan yrði tekin fyrir á skólaþinginu næsta haust. Einnig ræddi hún um grænfánann.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:30

Péturína J. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Kristján Heiðmar Kristjánsson
Kristján Heiðmar Kristjánsson

Guðrún Elsa Helgadóttir

Helena Mara Velemir
Helena Mara Velemir

Sesselja Guðmundsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Pórey Fjóla Aradóttir
Pórey Fjóla Aradóttir

Sara Diljá Hjálmarsdóttir
Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Elva Þórisdóttir

Eva Þórisdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir
Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Berglind Hlín Baldursdóttir

Berglind Hlín Baldursdóttir